



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union




SHE4AHA
Health throughout life

Samsköpun og hönnunarhugsun

SKAPANDI LEIÐIR TIL AÐ VINNA MEÐ HEILSUEFLANDI SKÓLA

Hvað er samsköpun?




Samsköpun þýðir í grundvallaratriðum að einn eða fleiri aðilar skapa nýtt verkefni í sameiningu sem byggir á frumkvæði.

- Samsköpun miðar að því að skapa nýja leið að vellíðan í nærumhverfi.
- Samsköpun býður upp á betri lausnir þar sem saman kemur ólík færni oghugmyndir að úrræðum.
- Samsköpun er ferli sem byggir á samræðum þar sem þú skilgreinir t.d. áskorunina og aðgerðina saman.
- Samsköpun eykur rétt til þátttöku og frumkvæðis.
- Samsköpun felur í sér meðvitund um vera háð innbyrðis.
- Samsköpun krefst hreinskilni og vilja til að taka áhættu.
- Samsköpun ögrar hefðbundinni línulegri áætlanagerð til að gefa meira svigrúm fyrir sameiginlega greiningu á áskorunum og mögulegum lausnum með hugarflugi, sköpunargáfu og hvetjandi hugmyndum.

Hvað er hönnunarhugsun?



Hönnunarhugsun skapar viðeigandi eða áhugaverðan ramma fyrir spurningu eða áskorun með því að "opna hana". Það er að spyrja spurninga, ögra og hugsanlega endurskipuleggja rammann til að uppgötva og bera kennsl á rétta eða áhugaverðestu áskorunina sem þarf að takast á við.



Stefnubundið ferli sem hannað er að lausn sameinar íhugun og staðsetningu, notagildi, hagkvæmni, fagurfræði og gildi.



Hönnunarhugsun leggur áherslu á að grípa til aðgerða og skapa lausnir. Ferli hönnunarhugsunar er áþreifanleg og raunsæ nálgun á nýsköpun þar sem þekking og árangur er skjalfest og miðlað sjónrænt og er auðskiljanlegt.



Hönnunarhugsun er skapandi dans á milli staða sem eru ólíkir og andstæðir eða ástands sem ýtir nýsköpunarferlinu áfram.

Hvernig á að setja upp hönnunaráskorun?




Áskorunina verður að leysa með því að hanna eitthvað ápreifanlegt. Lokaðar spurningar eru yfirleitt ekki góðar fyrir hönnunaráskoranir.



Hönnunaráskorunin ætti að vera opin spurning, eins og að spyrja "hvernig" eða "hvað" í stað já eða nei spurninga.



Hugsaðu um hvort áskorunin sé framkvæmanleg. Ekki setja fram stærri áskorun en þú og hönnunarteymið þitt munt geta tekist á við.



Góð leið til að móta hönnunaráskorun er að byrja á orðunum "hvernig getum við".

Hvernig er hægt
að nota
samsköpunar- og
hönnunaraðferðir?

Áskorun eða valþröng í skólanum

Skipuleggja námskrá og kennslu ásamt samstarfsfólki.

Skipuleggja námið í samvinnu við nemendur.

Skipuleggja þemaviðburði í skólanum.

Virk þátttaka nemenda í ákveðnum kennslu- og námsaðstæðum.

Samsköpun og hönnunaraðferðir í nálgun Heilsueflandi skóla

Ein af grundvallarreglum nálgunar í heilsueflingu er þátttaka, sem er litið á sem leið til að skapa tilfinningu um eignarhald meðal nemenda, starfsfólks og foreldra.

Vitað er að þátttaka og valdefling eru einhverjir mikilvægustu þættirnir í því að hvetja börn og ungmenni til að læra og afla sér þekkingar.

Heilsueflandi skóli byggir á lýðræðislegum gildum. Í sjónarmiðum Heilsueflandi skóla einkennast lýðræðisleg gildi skóla sem leitast við að veita öllum börnum "rétt til þátttöku", "frelsi til að vera sá sem hann er" og nægilegt "rými fyrir fjölbreytileika", "rétt til sanngjarnrar meðferðar" og síðast en ekki síst "jafnrétti".

Líta ætti á nemendur sem hluta af lausninni en ekki bara hluta af áskoruninni, viðurkenna ætti mikilvægi þess að vinna náið með börnum og ungmennum sem öflugum þátttakendum til heilbrigðra breytinga en ekki sem fórnarlömbum og að þau séu útsett fyrir áhættuþáttum.

Ný færni fyrir kennara og fræðsluaðila



Kennarar og fræðsluaðilar
þurfa að læra um hæfina:



a) Að kanna mismunandi
skoðanir og lausnir



b) Að skapa heildræna sýn
og leita að mismunandi
valkostum



c) Að einbeita sér meira að
ferlinu en ekki bara
niðurstöðunni



d) Að skapa aðstæður til
að bæta valdeflingu meðal
nemenda (og annarra)



e) Að nota fagmennsku
sína og faglega eiginleika
til að koma á ferlum um
samsköpun og hönnun

Aðferðir til að auðvelda ferli sem styðja við breytingar og innleiðingu

Innblástur frá þremur mismunandi Evrópu verkefnum

Co-Creating Welfare: (www.ccw-project.eu)


- Að samsköpun sé notuð hjá hinu opinbera (þ.m.t. menntun) til að skapa sjálfbær verkefni vegna þess að þau eru skilgreind og búin til í samvinnu við notendur.

Future Teaching: (www.fute-project.eu) eða (<https://www.schoolsforhealth.org/projects/fute>)

- Að nota hönnunaraðferðir í skólunum í kennslu og fræðslu sem er samsköpuð með nemendum til að takast á við áskoranir.

Supporting Practices of Inclusion Schooling and Education of the Youth: (<https://www.spisey-project.eu>) or (<https://www.schoolsforhealth.org/projects/spisey>)

- Stefnumótandi leiðtögalíkan sem byggir á þátttöku, eignarhaldi og valdeflingu viðeigandi hagaðila til að skapa inngildingu í skólann saman.



Þessar glærur voru þróaðar innan SHE4AHA verkefnisins.

Nánari upplýsingar um SHE4AHA verkefnið er að finna á www.healththroughoutlife.eu

Þetta efni er hægt að nota ókeypis með skýrri tilvísun í SHE4AHA verkefnið.

Leiðbeiningar um innleiðingu á Heilsueflandi skóla



Styrkt af Evrópusambandinu. Skoðanir og álit sem sett eru fram eru hins vegar eingöngu skoðanir höfunda og endurspegla ekki endilega skoðanir Evrópusambandsins eða Framkvæmdaskrifstofu mennta- og menningarmála (EACEA). Hvorki Evrópusambandið né EACEA bera ábyrgð á þeim.

ÚTGEFIÐ AF

Schools for Health in Europe Network Foundation (SHE).

ÚTGÁFUDAGUR

Mars 2025